

Mótum framtíð

Hlutverk hagsmunasamtaka í ljósi framtíðar.



**FÉLAG
ELDRI
BORGARA**

Margrét Margeirsdóttir

Félag eldri borgara í Reykjavík

- Stofnað 15. mars 1986
- Meðlimafjöldi í dag 8700
- Stjórn skipuð 15 mönnum og 6 varamönnum
- Framkvæmdastjórn skipuð 7 mönnum
- Landssamband eldri borgara stofnað 1989
- 53 félög innan LEB
- Listin að lifa

Úr lögum FEB (1)

Nafn, heimili og tilgangur

- 1.1. Hlutverk félagsins er að gæta hagsmuna eldra fólks í hvívetna, meðal annars með því að:
 - a) Efla félagslegt og efnahagslegt öryggi hjá eldra fólki.
 - b) Vinna að úrbótum í húsnæðismálum.

Úr lögum FEB (2)

- c) Byggja upp og reka félagsheimili og aðstöðu fyrir starfsemi félagsins.
- d) Eiga hlut að tengslum eldri félaga sem óska aðstoðar og þeirra sem geta veitt hana.
- e) Hlúa að hverskonar áhugamálum eldra fólks, skipuleggja námskeið, hópvinnu, tómstundavinnu og skemmtanir.

Úr lögum FEB (3)

- f) Stuðla að líkamspjálfun og útivist.
 - g) Fylgjast með lagasetningu Alþingis, sem varða hagsmuni aldraðra og beita áhrifum sínum með viðræðum og samningum við ríkisstjórn og önnur stjórnvöld.
- 1.2. Félagið er skipulagslega óháð stjórn mála flokkum og hlutlaust í afstöðu til trúmála

Úr lögum FEB (4)

Aðild að félaginu

2.1. Rétt til að verða félagsmenn eiga þeir, sem náð hafa 60 ára aldri eða eftirlaunaaldri sé hann fyrr, einnig makar félagsmanna þó yngri séu.

Félagsstarf FEB

- Félagsstarfið er skipulagt og stjórnað af nefndum og deildum félagsins ásamt stjórn. Það er er skipulagt af þeim sem njóta þess.

Félagsstarf - nefndir

- Ferðanefnd
- Skemmtinefnd
- Kór
- Leikfélagið Snúður og Snælda
- Félagsvist
- Brides
- Skák

Félagstarf FEB

- Söngvaka
- Bókmenntaklúbbur
- Kaffistofa – kaffitár með ívafi
- Síðdegisdans
- Dansleikir
- Danskennsla
- Gönguhópurinn Göngu-Hrólfar

Nefndir innan FEB

- Heilbrigðis- og þjónustunefnd
- Kjaranefnd
- Fræðslu- og kynningarnefnd
- Bygginganefnd

Yfirlit yfir byggingar á vegum FEB frá upphafi.

- **Grandavegur 47**, byggt 1988-1989, 72 íbúðir
- **Skúlagata 40, 40a og 40b**, byggt 1989-1991, 64 íbúðir
- **Hraunbær 103**, byggt 1990-1991, 47 íbúðir
- **Árskógar 6 og 8**, byggt 1991-1993, 101 íbúðir
- **Eiðismýri 30**, byggt 1994-1995, 26 íbúðir
- **Skúlagata 20**, byggt 1996-1998, 76 íbúðir
- **Samtals** 386 íbúðir

Aðalfundur FEB

- Aðalfundur félagsins var haldinn 17. febr. 2007. Fundurinn samþykkti ályktanir og áskoranir til borgarstjórnar, ríkisstjórnar og heilbrigðisráðherra.

Áskorun til borgarstjórnar

- Að beita sér fyrir að bygging hjúkrunarheimila fyrir aldraða í Reykjavík, samkv. viljayfirlýsingu Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og Reykjavíkurborgar frá 13. maí 2002, hefjist án frekari tafa.

Áskorun til borgarstjórnar

- Að beita sér fyrir fjölgun dagvistarrýma fyrir eldri borgara sem ekki geta nýtt sér almennt félagsstarf.
- Að fjölga búsetuúrræðum fyrir eldri borgara s.s. leiguíbúðum, sambýlum og hjúkrunaríbúðum.

Áskorun til borgarstjórnar

- Að aðstoða eldri borgara varðandi breytingar á eldra húsnæði sem taldar eru nauðsynlegar til að þeir geti búið þar áfram ef þeir kjósa.
- Að beita sér fyrir samþættingu á heimahjúkrun og heimaþjónustu með það að markmiði að Reykjavíkurborg taki þjónustuna alfarið að sér og stýri henni. Samræma þarf greiðslufyrirkomulag.

Áskorun til borgarstjórnar

- Að skilgreina og samræma reglur varðandi alla þá þjónustu sem veitt er eldri borgurum í heimahúsum, sem geri þeim kleift að búa í sjálfstæðri búsetu á eigin forsendum.
- Að auðvelda eldri borgurum að njóta útivistar í borginni með lagfæringu á aðgengismálum m.a. með því að fjölga bekkjum þar sem fólk getur hvílt sig.

Áskorun til ríkisstjórnar

- Að nú þegar verði skipaður starfshópur til þess að endurskoða frá grunni lög nr. 125/1999 um málefni aldra. Hlutverk hans verði m.a.:
- Að undirbúa flutning málefna aldra til sveitarfélaga.

Áskorun til ríkisstjórnar

- Að marka heildarstefnu í málum aldraðra sem byggir á hugmyndafræði um jafnrétti og mannréttindi.
- Að stjórnarsýsla málaflokksins verði hjá einum aðila þ.e. sveitarfélögum sem fái fullnægjandi tekjustofna til að taka að sér alla þjónustu við aldraða.

Áskorun til ríkisstjórnar

- Að samræma ákvæði sem er að finna í hinum ýmsu lagabálkum og snerta málefni aldraðra.
- Að endurskoða ákvæði um Framkvæmdasjóð aldraðra varðandi stjórn og hlutverk sjóðsins.

Áskorun til ríkisstjórnar

- Að sett verði í lög ákvæði um réttindi og réttindagæslu aldraðra.
- Að breyta fyrirkomulagi greiðslna íbúa á dvalar-og hjúkrunarheimilum þannig að þeir haldi fjárforræði sínu.

Áskorun til ríkisstjórnar

- Að beita sér fyrir aðgerðaáætlun varðandi fjölbýli á hjúkrunar-heimilum sem nú eru starfrækt, að þeim verði breytt þannig að allir íbúar hafi einkarými með snyrtingu.

Áskorun til ríkisstjórnar

- Að settar verði reglur um stærð einkarýmis og að gerðir verði þjónustusamningar við öll hjúkrunarheimili aldraðra þar sem komi skýrt fram hvaða þjónustu skuli veita og hver markmiðin séu.
- Að settar verði reglur varðandi eftirlit með þjónustunni, hvaða aðili sé ábyrgur fyrir því.

Áskorun til ríkisstjórnar

- Að nú þegar verði gert átak í að eyða biðlistum aldraðra eftir hjúkrunarrýmum og ummönnun, bæði vegna þeirra sem bíða á sjúkrahúsum sem og þeirra sem bíða í heimahúsum við erfiðar aðstæður.

Áskorun til ríkisstjórnar

- Félag eldri borgara átelur stjórnvöld harðlega fyrir svikin loforð um byggingu hjúkrunarheimilis/ heimila í Reykjavík sem áttu að vera tilbúin 2005 og 2007, samkv. Viljayfirlýsingu Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og Reykjavíkurborgar frá 13. maí 2002.

Áskorun til ríkisstjórnar

- Að stofna embætti umboðsmanns aldraðra.

Áskorun til heilbrigðisráðherra

- Að gerður verði tafarlaust bindandi samningur við Tannlæknafélag Íslands um gjaldskrá fyrir tannlækningar og felld verði úr gildi ákvæði 4. gr. reglugerðar um
- Að gerður verði tafarlaust samningur við sjálfstætt starfandi sérfræðinga í hjartalækningum.

Áskorun til heilbrigðisráðherra og landlæknis

- að þeir beiti sér nú þegar fyrir því að stjórnendum hjúkrunarheimila sé óheimilt að stíða öldruðum hjónum í sundur þegar annað þeirra þarf nauðsynlega á vistun að halda. Stjórnendunum verði gert skylt að finna ráð til að hjónin geti búið saman að ósk þeirra beggja.

Áskorun til ríkisstjórnar

- Hafin verði nú þegar endurskoðun á lögum um almannatryggingar með aðaláherslu á lífeyristryggingarkaflann m.a. með það að markmiði:
- að einfalda kerfi lífeyristrygginga svo það verði sem virkast fyrir þá sem byggja meginafkomu sína á því.

Áskorun til ríkisstjórnar

- að draga verulega úr tekjutengingum
- að tryggja að öryrkjar sem ná ellilífeyrisaldri haldi áfram aldurstengdum, óskertum örorkubótum,
- að endurskoða ákvæði um endurkröfu lífeyrisgreiðslna frá TR.

Áskorun til ríkisstjórnar

- Heildargreiðslur TR taki mið af neyslukönnun Hagstofu Íslands sem birt var 15. desember á sl. ári, eða kr. 210 þúsund á mánuði fyrir utan skatta hjá einstaklingi til jafnaðar. Þessi hækkun komi í áföngum og verði að fullu komin til framkvæmda á árinu 2009 að viðbættum vísitöluhækkunum og breytingum á neyslu einstaklinga samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands.

Áskorun til ríkisstjórnar

- Skattleysismörk hækki í kr. 140 þúsund miðað við að þau hefðu breyst samkvæmt launavísitölu frá 1988. Þessi breyting verði að fullu komin til framkvæmda í árslok 2008 með vísitöluhækkun *launa* á þeim tíma, enda byrji skattleysismörkin að fjara út við 500 þús. króna mánaðartekjur miðað við árið 2007.

Áskorun til ríkisstjórnar

- Skerðing á tekjutengdum bótum vegna tekna maka og sambúðarfólks verði afnumin nú þegar
- Skerðing á grunnlífeyri almannatrygginga verði afnumin.
- Að taka upp ákveðið frítekjumark fyrir lífeyrissjóðstekjur í samræmi við frítekjumark atvinnutekna.

Áskorun til ríkisstjórnar

- Skattar á lífeyrissjóðstekjur verði samræmdar skattlagningu fjármagnstekna, enda verði ekki gert upp á milli sparnaðarforma.

Áskorun til ríkisstjórnar

- Ráðstöfunarfé við dvöl á stofnun hækki um 100% frá 1. júlí 2006. Frá janúar 2008 verði stefnt að því að breyta greiðslufyrirkomulagi á daggjaldastofnunum fyrir aldraða svo þeir haldi fjárforræði sínu eins og gilt hefur í tæpa þrjá áratugi fyrir fatlaða.

Kostir þess að vera í félaginu:

- afsláttur hjá hundruðum verslana og þjónustufyrirtækja um allt land
- ókeypis ráðgjöf lögfræðings
- ókeypis ráðgjöf í fjármálum
- ókeypis upplýsingur um réttindi þín í almannatryggingakerfinu
- ókeypis blaðið Listin að lifa

Nánari upplýsingar:

á heimasíðunni www.feb.is,
í blaðinu Listin að lífa
og skrifstofunni í Stangarhyl 4

